

Fundur í Betadeild DKG fimmtudaginn 28. nóvember 2024

Fundurinn var haldinn á veitingahúsinu Strikinu og var sameiginlegur fundur Beta- Mý- og Nýdeilda. Mættar voru 43 Beta- og Mýsystur, en þær Nýsystur sem ætluðu að koma forfölluðust. Árný Elíasdóttir, landssambandsforseti DKG, var einnig á fundinum.

1. Setning fundar

Magnea Helgadóttir, formaður Mýdeildar, setti fundinn og Eygló Björnsdóttir, formaður Betadeildar, kveikti á kertum. Konur úr Mýdeild leiddu fjöldasöng.

2. Orð til umhugsunar

Í forföllum Nýsystur sem hafði undirbúið orð til umhugsunar, hljóp Eygló Björnsdóttir í skarðið með litlum fyrirvara. Hún las skemmtilega frásögn eftir Guðna Einarsson, sem lýsti minningu úr barnæsku sinni í aðdraganda jóla í Vestmannaeyjum.

3. Sölkurnar syngja

Félagar úr kvennakórnum Sölkunni á Dalvík sungu nokkur jólalög við góðar undirtektir fundargesta.

4. Matur borinn fram

Boðið var upp á jólasréttahlaðborð Striksins. Hverri konu voru ætlaðir 10 bitar fyrir kr. 5.500.

5. Almennur söngur

Þegar fundargestir höfðu gætt sér á veitingunum var aftur fjöldasöngur.

6. Ávarp landssambandsforseta

Árný Elíasdóttir, landssambandsforseti, ávarpaði fundarkonur. Hún rifjaði upp þegar hún kom í fyrsta skipti til Akureyrar 16 ára gömul og fannst bærinn vera eins og hálfgerð stórborg miðað við heimahagana. Hún undirstrikaði mikilvægi þess fyrir félagskonur DKG að hittast og notaði síðan tækifærið til að hvetja konur til að sækja afmælisráðstefnu DKG á næsta ári, þegar samtökin fagna 50 ára afmæli. Hún minnti einnig á Evrópuráðstefnu í Brighton 18.-20. júlí.

7. Kaffi, konfekt og bókakynning

Kaffi var borið fram og með því buðu deildirnar upp á konfekt. Magnea Helgadóttir minnti konur á að rækta sjálfar sig á aðventu. Á þessum tíma væri afar mikill þrýstingur á neyslu. Í framhaldi af þessu kynnti Katrín Fjóla úr Mýdeild barnabók Þórarins Eldjárn, Hlutaveikina, og las stuttan kafla úr bókinni þar sem söguhetjan glímir við alvarlegar afleiðingar neyslukapphlaupsins.

8. Fundi slitið

Í lok fundar var Unicef-pyngja Betadeildar lätin ganga. Magnea sleit fundi og Eygló slökkti á kertum.

Fundargerð ritaði Selma Hauksdóttir